



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Vinnulag umhverfis- og auðlindaráðuneytis við úthlutun verkefnastyrkja af safnliðum fjárlaga.

Starfshópur metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir verkefnasvið ráðuneytisins almennt. Í starfshópnum situr einn fulltrúi frá hverri skrifstofu ráðuneytisins, alls fjórir auk skrifstofustjóra Skrifstofu rekstrar og fjármála sem leiðir starfið.

Viðmið við úthlutun:

- Enginn styrkur nemi hærra upphæð en 10% af úthlutunarfé.
- Ekki séu veittir styrkir til meistaraþrófs- eða doktorsverkefna.
- Ekki séu veittir styrkir fyrir nefndarsetu.

Almennt er styrkjunum ætlað að fjármagna verkefni í þágu almennings á sviði umhverfis- og auðlindamála sem ekki hljóta annan fastan stuðning frá ríkinu.

Að öðru leyti er vísað í reglur ráðuneytanna um úthlutun styrkja (tengill).